



Ljót orð Helgi Hjaltalín Eyjólfs-son með eitt skiltanna sem hann hefur búið til og vísa til þjóðvega- og fjöldamenn-ingar í Bandaríkjunum á liðinni öld. Hann veltir fyrir sér hvernig fólki sé sifellt skipt í og skipti sér sjálft í hópa.

Fjölbreytileikinn myndar vissa heild

● Stór sýning á verkum Helga Hjaltalín opnuð á Ljósanótt

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Horfur – *Prospects* kallar myndlistarmaðurinn Helgi Hjaltalín Eyjólfs-son viðamikla sýningu sem verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar – Duushúsum, í dag, fimmtudag, klukkan 18. Um er að ræða aðalsýningu safnsins á Ljósanótt í ár.

I verkunum segist Helgi reyna, sem miðaldra karlmaður búsettur í Höfnum, að útskýra fyrir sjálfum sér ástandið í heiminum og hverjar horfurnar séu. Hann notar miðla myndlistarinnar til að þreifa á og gera til-raunir til að skilja og læra meira um veröldina.

Helgi er fæddur árið 1968 og eftir nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands stundaði hann nám við Kunstakademie Düsseldorf, AKI í Hollandi og San Francisco Art Institute. Hann hefur verið virkur í sýningarhaldi jafnt hér heima sem erlendis og hefur jafnframt sinnt ýmsum stórum tengdum myndlist.

Fánastangir tákna fyrir þjóðríki

Í texta í sýningarfráttinni skrifar Helgi Þorgíls Friðjónsson um nafna sinn og kollega og segir að þrátt fyrir „fegurðina og drifkraftinn og fram-tíðarsýnina“ í verkunum þá sé líka í þeim undirliggjandi ógn. Í þeim sé kyrrstaða milli „ógnar, sögu og fegurðar.“

Helgi Hjaltalín er afar hagr lista-maður og beinir iðulega í verkum sínum og á sýningum mörögum miðlum myndlistarinnar, allt eftir því hvers hugmyndirnar krefjast. Hann segir að í stóra salnum í Duushúsum hafi hann nú sett upp fjögur eða fimm tengd verk eða verkþætti.

„Eitt eru skilti sem ég hef smíðað og vísa til skilta eins og menn þekkja frá Ameríku frá fjórða eða fimmta áratug síðustu aldar og á þau hef ég sett orð eins og „Redneck“ eða „Towelhead“, ljót orð sem eru notað um fólk á ensku. Ég hef velt ýmsum slíkum upphrópunum um fólk fyrir

mér og orðin eru gjarnan gagnsæjust á ensku og ég nota þau beint.“

Og hann nefnir dæmi um fleiri verk. „Ég hef um skeið verið að endurgera tré, og í raun endurgera tíma, með því að líma saman áhringi. Hér er ég með slíka samlímda fánastöng og svo aðra sem ég er ekki byrjaður á að öðru leyti en því að ég hef límt hana saman og komið henni fyrir í stórum rennibekk. Það er sjö metra löng væntanleg fánastöng sem er á byrjunarstigi. Ég hef verið að velta fyrir mér hugmyndum um þjóðríki sem eru venjulega algjör feik, samlímd dilla. Dæmi um það eru Bandaríkin, sem eru tiltölulega nýtt ríki og margt í sögu þeirra er algjört bull. Við sjáum líka margt slíkt hjá okkur, ýkjúsögur í besta falli. Um leið og maður fæðist er maður orðin Íslendingur og á að fara að hugsa og tala sem slíkur. Þessar fánastangir eru einhver birtingarmynd þessa; ég lími saman úr spýturslahaugnum hjá mér einhverja heild sem ég renni síðan og bý til úr stöng sem stendur fyrir þjóðríki.“

Skemmtun en um leið ógn

Þá eru á sýningunni vatnslita-myndir af húsum og skúlptúrar af öðrum og öll eru þessi hús lokað og án glugga og hurða, fyrir utan húsinn standa síðan flaggstangir sambærilegar við þær sem Helgi rennir.

Tvö ljósmyndaverk getur líka að líta, annarsvegar röð mynda af hvölpum að slást og hinsvegar myndir af ættingjum listamannsins að skjóta með riffli á skotmörk sem Helgi og Valgerður Guðlaugsdóttir kona hana gerðu í Norður-Dakóta þegar þau voru þar í gestavinnustofu. „Myndirnar sýna skemmtun en um leið er viss ógn í þeim,“ segir hann.

Á vinnuskýrtunni að veifa fána

Helgi segir að *Horfur* – *Prospects* sé þriðja og jafnframt lokasýning í verkefni þar sem hann hefur velt því fyrir sér hvernig fólki sé sifellt skipt í hópa, og hvernig það orsakar ofbeldi.

„Ég vinn til að mynda með nokkrum köllum sem halda með Liverpool eða Manchester og þannig erum við alltaf að skipta okkur upp í einingar sem eru á móti hinum.“

Ég vinn hér á sýningunni í nokkuð marga miðla – enn einn eru nokkrar graffikverk, eftir bensínmotorum sem ég skar út í timbur og þrykkti síðan eftir – það er svolítið popplegt.“

Ein af vatnslitamyndum Helga er stór en sett saman úr mörgum litlum bútum. „Hún er gerð eftir mynd sem birtist í dagblaði, af Íslendingi sem veifar íslenska fánanum. Það er kall eins og ég á vinnuskýrtunni að veifa fána,“ segir hann.

„Með því að nota svona marga miðla er ég á einhvern hátt að segja að fjölbreytileikinn myndi vissa heild.“

Daður við amerískt handverk

Eins og fyrr segir er Helgi slyngur handverksmaður en hann forðast að festa sig í einni nálgun. „Já, ég hef forðast að tengjast handverkinu of sterkt en í þessum nýjustu verkum daðra ég við það sem konan mín kallar „county & quilt,“ þetta ameríska handverk, bútasauinn. Og finnst gaman að dansa á þeirri línu. Ég fel ekkert að ég sæki í þann myndheim en er jafnframt alltaf að basla við að gera verkin sjálfur, þau fá ekki glansáferðina af einhverju fjölda-framleiddu.“

Um ár er nú síðan Helga var boðið að halda sýninguna og segir hann hafa verið töluverða vinnu að koma henni saman, með úrvinnslu úr eldri hugmyndunum og vinnu við að binda verk sem hann hafði þegar byrjað að gera við önnur ný.

„Þetta er annars frábærlega vel rekið safn og merkilegt að sjá hvað Valgerður Guðmundsdóttir sem stýrir því hefur náð að gera hér, með litlum pening og litlum stuðningi oft á tíðum. Það er gefin út skrá og mörg stærri og öflugri söfn gætu tekið Listasafn Reykjanesbæjar sér til fyrirmyndar,“ segir Helgi.